

Nd.

99. Frumvarp til laga

um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:

1. Fiskideild.
2. Fiskiðnaðardeild.
3. Iðnaðardeild.
4. Landbúnaðardeild.

2. gr.

Fiskideild starfar að:

1. Fiskirannsóknnum.
2. Sjórannsóknum.
3. Svifrannsóknum.
4. Botndýrarannsóknum.

3. gr.

Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknnum á hagnýtingu sjávarafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.

4. gr.

Iðnaðardeild starfar að:

1. Almennum efnarannsóknnum.
2. Gerlarannsóknnum, þar á meðal mjólkurrannsóknnum.
3. Matvælarannsóknnum.
4. Rannsóknnum á byggingarefnum og öðrum smíðaeftum.

5. gr.

Landbúnaðardeild starfar að:

1. Jarðvegsrannsóknnum.
2. Jurtakynbótum og frærannsóknum.
3. Rannsóknnum jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknnum og fóðurtilraunum.
5. Búfjárkynbótum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn þessarar deildar.

6. gr.

Ráðherra getur samkvæmt tillögum háskólaráðs aukið verksvið deilda, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna. Ráðherra sker úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinna tilteknu verkefni.

Tekjur af starfsemi hvers deildar renna allar í rikissjóð. Ráðherra getur að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

7. gr.

Forseti Íslands skipar forstöðumann fyrir hverja undirdeild atvinnudeilda til 4 ára í senn, enda skal hann vera starfandi sérfræðingur innan deildarinnar. Forstöðumenn hafa sömu réttindi og skyldur sem próffórar.

Ráðherra skipar sérfræðinga, allt að 13 að tölu. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur sem dósentar. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þeirra. Sérfræðingar skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskóla-prófi í grein sinni. Auk þess skulu þeir hafa unnið að vísindalegum rannsóknnum í 4 ár hið fæsta að loknu háskóla-prófi, en heimilt er að meta doktorspróf eða vísindalega ritgerð þar til jafns við.

Ráðherra skipar aðra sérfræðinga eða ræður þá til ákveðins tíma, að fengnum tillögum forstöðumanns hlutaðeigandi deildar. Þeir skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskóla-prófi í grein sinni. Þessi skilyrði gilda ekki um núverandi starfsmenn atvinnudeilda. Ráðherra er heimilt að gera undanþágu frá þessum kröfum, að fengnum tillögum deildar.

Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum í samráði við forstöðumenn atvinnudeilda.

8. gr.

Búnaðarfélag Íslands ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu ár hvert gera tillögur um það, að hvaða rannsóknnum skuli unnið í þeim undirdeildum atvinnudeildar, sem hlut eiga að máli.

9. gr.

Sérfræðingar atvinnudeildar skulu veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:

1. Dýrafræði.
2. Grasfræði.
3. Jarðfræði.
4. Landfræði.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði.
7. Efnafræði.

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofan nefndum greinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, er í 10. gr. getur.

10. gr.

Eftir 2—3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

11. gr.

Sérfræðingar atvinnudeildar skulu annast kennslu í greinum þeim, sem í 9. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, og telst það til embættisstarfa þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum háskólaráðs, undanþegið einstaka starfsmenn kennsluskyldu að einhverju leyti eða öllu, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknarstarfa þeirra.

12. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkvæmt 9. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

13. gr.

Atvinnudeild lýtur lögum og reglugerð Háskóla Íslands, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

14. gr.

Fasteignir, hús, tæki og annað í þarfir atvinnudeildar, þar á meðal ríkisbúið á Hesti í Borgarfirði, leggur ríkissjóður til, að svo miklu leyti, sem háskólinn gerir það ekki. Ríkissjóður kostar og framkvæmdir þær allar, er í lögum þessum greinir.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

9.—10. gr. l. nr. 64/1940.

9.—19. gr. l. nr. 68/1940.

16. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda eftir því sem efni vinna til og fé er veitt í fjárlögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. — Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarpi því til laga um atvinnudeild háskólans, er menntamálanefnd neðri deildar Alþingis flutti á 64. löggjafarþingi, var vísað frá í efri deild með rökstuddri dagskrá á þeim grundvelli, að málið hefði ekki fengið nægan undirbúning. Eigi kom þó fram, hvað á þótti skorta í því efni.

Mál þetta hafði verið undirbúið af 6 manna nefnd, er þeir áttu sæti í dr. Alexander Jóhannesson, Niels Dungal, prófessor, Björn læknir Sigurðsson, dr. Þórður Þorbjarnarson, Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur og Árni Friðriksson fiskifræðingur.

Frumvarpið sjálft samdi Einar Arnórsson, en síðan fjallaði háskólaráð um það og einnig millipinganefnd í skólamálu.

Í neðri deild var frumvarpið mjög vandlega athugað í samráði við sérfræðinga atvinnudeildar, náttúrufræðinga og aðra, er hlut áttu að máli. Er það nú í þeim búningi, er það hlaut í meðförum deildarinnar, nema hvað brott eru felld ákvæði um tilraunastöð á Keldum í Mosfellssveit, þar eð þeim þætti hefur síðan verið skipað með sérstökum lögum. Þá hafa í 9. og 11. gr. frumvarpsins verið leiðréttar rangar tilvitnanir í frumvarpsgreinar.